

REGLUR

um notkun jafnlaunamerkis

1. gr.

Markmið

Markmið reglna þessara er að tryggja að samræmi sé í notkun jafnlaunamerkisins og að komið sé í veg fyrir misnotkun þess.

Merkinu er ætlað að vera gæðastimpill og hluti af ímynd og orðspori fyrirtækja og stofnana. Merkið staðfestir að þau hafi komið sér upp ferli sem tryggir að málsmeðferð og ákvarðanir í launamálum feli ekki í sér kynbundna eða aðra mismunun.

Jafnlaunamerkið er í eigu velferðarráðuneytisins.

2. gr.

Um jafnlaunamerkið

Í merkinu má sjá mynd sem sýnir skifurit, stimpil, rúnir og brosandir andlit tveggja ólíkra einstaklinga. Í lögum minnir merkið á mynt og gefur til kynna að einstaklingarnir séu metnir að verðleikum.

Jafnlaunamerkið er hannað af Sæþóri Erni Ásmundssyni, sigurvegara í hönnunarsamkeppni um jafnlaunamerki sem efnt var til af aðgerðahópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti og Hönnunarmiðstöð Íslands árið 2014.

Varðandi lit og framsetningu jafnlaunamerkisins er vísað í stílbók er fylgir reglum þessum.

3. gr.

Leiðbeiningar um notkun jafnlaunamerkis

Jafnlaunamerkið skal nota í samræmi við leiðbeiningar um notkun merkisins sem staðfestar eru af velferðarráðuneytinu og koma fram í stílbók er fylgir reglum þessum.

Merkið skal notað og borið þannig að ekki sé varpað rýrð á það.

Velferðarráðuneytið veitir fyrirtæki eða stofnun heimild til að nota jafnlaunamerkið á grundvelli vottunarskírteinis vottunarstofu í samræmi við reglugerð um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85.

Einungis fyrirtækjum og stofnunum, sem hlotið hafa vottun á staðlinum ÍST 85 af viðurkenndri vottunarstofu sem uppfyllir skilyrði reglugerðar um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85, er heimilt að nota merkið og verða að hlíta þeim reglum sem gilda um meðferð þess.

4. gr.

Umsókn og skráning

Sækja verður um heimild til notkunar jafnlaunamerkis til velferðarráðuneytisins. Umsækjandi (fyrirtæki eða stofnun) skal leggja fram vottunarskírteini í samræmi við ákvæði reglugerðar um að hann uppfylli kröfur jafnlaunastaðalsins og skal þá ráðuneytið veita honum notkunarheimild á merkinu.

Notkun merkisins má ekki hefjast fyrr en notkunarheimild velferðarráðuneytisins liggur fyrir og hefur hún sama gildistíma og vottunarskírteini en aldrei lengri en þrjú ár, sbr. reglugerð um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85.

Velferðarráðuneytið sér um að safna upplýsingum um vottun jafnlaunakerfa fyrirtækja og stofnana og skal birta yfirlit í skýrslu ráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála, sbr. 11. gr. laga nr. 10/2008. Skýrslan er tekin saman annað hvert ár.

5. gr.

Notkun merkis hætt

Taki aðili sem notað hefur jafnlaunamerkið ákvörðun um að hætta notkun þess skal hann tilkynna það til velferðarráðuneytisins. Í kjölfar slíkrar tilkynningar skal ráðuneytið taka viðkomandi aðila af lista um skráða notendur merkisins.

6. gr.

Ábyrgð og eftirlit með notkun

Skráðir notendur bera sjálfir ábyrgð á því að viðhafa rétta notkun merkisins.

Fullnægi fyrirtæki eða stofnunarstofu eða ef notkun merkisins samræmist ekki ákvæðum reglna þessara og ekki er orðið við tilmælum um úrbætur, er velferðarráðuneytinu heimilt að fella niður réttinn til að nota jafnlaunamerkið. Tilkynna skal viðkomandi aðila um slíka ákvörðun.

Velferðarráðuneytinu, 23. maí 2017.

Þorsteinn Víglundsson
félags- og jafnréttismálaráðherra

